

**Eiríkur Rögnvaldsson**

Málstefna íslenskuskorar

*Flutt á hádegisfundum Mímis 7. mars 1996*

Ágætu Mímisliðar og aðrir!

Fyrir rúmum 10 árum hafði ég mikinn áhuga á íslenskri málstefnu, viðhorfi Íslendinga til móðurmálsins og breytinga á því, o.þ.h. Ég skrifaði meira að segja nokkrar greinar um þessi efni, en þær mæltust misjafnlega fyrir. Eiginlega voru viðbrögðin þess eðlis að ég hætti að mestu að skipta mér af þessum málum, því að ég sá að umræðugrundvöllur væri enginn. Þannig hélt virtasti þýðandi þjóðarinnar því fram í opnugrein í Morgunblaðinu vorið 1985 að ég hefði orðið fyrir áhrifum frá "fræðum útlendinga" og "þeim kærulausa tíðaranda sem kennir sig við frjálsslyndi", hefði "ánetjast þessari frjálsslyndis-tízku" sem nú réði ríkjum, væri haldinn "einhverri misskilinni vinstripólítík", væri "sú "fimmta herdeild", sem mest hætta stafar af", o.s.frv. Víst skal ég viðurkenna að ég setti skoðanir mínar fram á nokkuð afdráttarlausan hátt, til þess að fá frekar einhver viðbrögð. En ég vonaðist til þess að þau viðbrögð yrðu málefnaleg, en ekki eintómt skítkast og landráðabrigsl. Þegar ég sá að sú von ætlaði ekki að rætast fannst mér engin ástæða til að standa meira í þessu, og hef lítið skrifað um málstefnu síðan. Hins vegar stend ég enn við hvert orð í skrifum mínum frá þessum tíma, því að skoðanir mínar hafa ekki breyst. Meginatriðin í þeim eru þessi, og nú vitna ég í grein mína í *Skímu* 1985:

Ég held að eitt það brýnasta í sambandi við mótun eða endurskoðun íslenskrar málstefnu sé að greina milli aðalatriða og aukaatriða. Það er í mínum augum algert aukaatriði t.d. hvort sagt er **mér** eða **mig langar**, **hitta lækinn** eða **læknirinn**, vera eins og **pabbi hans** eða **pabbi sinn**, **tala við hvorn annan** eða **hvor við annan**, **hjá hvorumtveggju** eða **hjá báðum**, **kýr** eða **kú**. [...] Hins vegar skiptir það máli að þjóðin sé læs og skrifandi, og að málkerfið haldist óbreytt í aðalatriðum. Þar er það líklega beygingakerfið sem við þurfum að beina athyglinni að. Það er vegna þess að eins og allir vita hafa beygingar minnkað mikið í flestum skyldum málum, og mætti því búast við tilhneigingu til sömu þróunar í íslensku. Það væri mikill skaði - ekki vegna þess að málið yrði eitthvað ljótara eða ófullkonnara við missi beyginganna, heldur vegna þess að þá er hætta á að við myndum missa tengsl við allt sem hefur verið skrifað í landinu. [...] Til að varðveita beygingakerfið duga engin boð eða bönn. Það eina sem dugur er æfing í að lesa, tala og skrifa íslensku. [...] Við eigum því að hætta að stagla í skólunum um aukaatriðin, bæði þau sem ég nefndi hér að framan og öll hin, en nota tímum þess í stað til að þjálfa nemendur í að lesa og að setja mál sitt skýrt og skipulega fram í ræðu og riti. Með því móti einu getum við varðveitt málið sem lifandi og frjótt tjáningartæki, sem er auðvitað það sem mestu máli skiptir.

Hér er spurt: Á að reka ákveðna málstefnu í íslenskuskor; og ef svo er, hver á hún þá að vera? Nú veit ég ekki alveg hvað er átt við með spurningunni, en ef átt er við það hverju skuli haldið að nemendum þá verður svarið þetta: Auðvitað á að reka ákveðna málstefnu. Auðvitað á að halda því mjög stíft að nemendum að vanda mál sitt sem best, bæði í ræðu og riti eins og sagt er. Það á hins vegar að gera nemendum skýra grein fyrir því að málstefna og málfræði er sitt hvað, og ef menn vilja taka eina málvenju fram yfir aðra, kalla eitt afbrigði rétt en annað rangt, þá verður það ekki alltaf gert með málfræðilegum rökum. Þar verður að koma til smekkur, tilfinning, uppeldi, fordómar eða annað slíkt. Og Háskólinn á ekki að kenna nemendum hvaða skoðanir þeir eigi að hafa, heldur gera þeim kleift að koma sér upp eigin skoðunum. Ég skal hér enn vitna í *Skímugrein* mína frá 1985:

Það ætti að vera ljóst af framansögðu að ég vil ekki hafa neinn dómstól sem geti dæmt eitt rétt en annað rangt. Þegar spurt er hvort tiltekið atriði sé rétt eða rangt vil ég ekki svara því beint. Ég vil geta frætt fyrirspyrjanda um sem flest sem máli skiptir í þessu sambandi, s.s. hvað sé elst,

hvað sé útbreiddast, hvaða atriði séu hliðstæð í málinu o.s.frv.; sem sagt, gefa fyrirspyrjanda sem flestar forsendur til að byggja sitt eigið val eða dóm á.

Ég get vel fallist á að á neðri skólastigum, og í fræðsluþáttum ætluðum almenningi, sé þessi aðferð erfið í framkvæmd, og þar sé erfitt að komast hjá einhverjum boðum og bönnum. Og sumum þótti hér farið langt yfir mörkin; þannig sagði í áður nefndri grein í Morgunblaðinu:

Og þegar þess er gætt, að hér talar maður, sem kennir kennaraefnum íslenzku í Háskóla Íslands, þá er kannski varla von á miklum árangri af málverndarstarfi í skólum. [...] Víst mætti svo virðast sem viðleitni til málverndar komi fyrir lítið, ef jafnharðan er beinlínis unnið gegn henni, jafnvel í sjálfum skólum landsins. [...] En íslenskir menn, sem ryðja niðurrifsöflum braut inn í móðurmálið og kappkosta að brjóta niður varnir þess og viðnámsvilja, jafnvel undir yfirskini málverndar, reynast þegar verst gegnir sú "fimmta herdeild", sem mest hætta stafar af.

Ég stend samt ennþá við þá skoðun að ef þessar aðferðir eiga einhvers staðar við, þá er það í íslenskuskor Háskólans. Allt annað væri andstætt góðum vinnubrögðum í háskóla að mínu mati. Og enn verð ég að vitna í sjálfan mig, að þessu sinni í svargrein mína í Morgunblaðinu:

Í kennslu minni kem ég oft að tilbrigðum í máli - bæði þeim sem eru mállýskubundin og þá yfirleitt bæði (öll) viðurkennd, og eins hinum þar sem eitt er talið rétt og annað rangt. Ég reyni eftir bestu samvisku að gera nemendum grein fyrir þessum tilbrigðum, af hverju þau stafi, hver sé staða þeirra í málkerfinu, og, ef um það er að ræða, hvers vegna annað sé viðurkennt en hitt talið villa. [...] Ég segi nemendum ekki að **allt** sé rétt. En ég segi þeim ekki heldur hvað **þeim** eigi að finnast rétt og rangt. Ef ég gerði það, væri ég að bregðast skyldum mínum sem kennari við háskóla, enda verður að ætla nemendum á þessu stigi þann þroska að þeir geti dæmt þar um sjálfir.

Þetta er meginatriðið. Þið eigið **sjálf** að dæma, **sjálf** að hafa skoðanir á málunum, í stað þess að láta mata ykkur. Vitaskuld er ekki alltaf auðvelt að koma sér upp rökstuddum skoðunum á álitamálu, og miklu þægilegra að láta segja sér hvaða skoðanir maður eigi að hafa. Auðvitað skil ég vel þá sem fyllast óöryggi og tortryggni þegar þeir heyra eða lesa að hugtökin **rétt** og **rangt** í máli séu vandmeðfarnari en þeir hafa talið, og finnst þeir skildir eftir í lausu lofti við slík tíðindi. En háskólakennsla á einmitt iðulega að skilja nemendur eftir í lausu lofti; neyða þá til að leita heimilda, velta vöngum og taka sjálfstæða afstöðu. Að öðrum kosti er það ekki háskólakennsla. - Þakka ykkur fyrir.